



EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
10. árgangur
Júní 2008



1. maí

Aðalfundur

Fjölsmiðjan á Akureyri

Kjarasamningar

Do członków związku Eining-Iðja

To the members of Eining-Iðja

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกคน



Kynnist Kárahnjúkum

Végarður í Fljótsdal

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Opið alla daga kl. 9–17 til 15. september.

Kynnið ykkur raforkuframleiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Ljósafofssstöð við Sog.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.

Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

GÓÐIR DRAUMAR RÆTAST!



ÁVÖXTUN SÉREIGNAR HJÁ STAPA ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ.
VILTU VERA MEÐ?

**Útgefandi: Eining-Íðja**

Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Prófarkalestur:

Fremri Almannatengsl,
Þórsstíg 4, Akureyri
Sími: 461 3666
Bréfasími: 461 3667
www.fremri.is

Þýðingar:

Julitta Wilczynska,
Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Forsíðumynd:

Það er komið sumar.
Myndin er tekin á Akureyri.
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið.

Efnisyfirlit

- 6 Lækkað félagsgjald – er nú 1%
- 6 Tveir sæmdir gullmerki félagsins
- 6 Nýir starfsmenn
- 8 Nýr kjarasamningur við ríkið til marsloka á næsta ári
- 10 Fjöldmennur aðalfundur Einingar-Íðju
- 11 Vinningshafar af aðalfundi
- 12 Vel heppnuð leikhúsferð
- 12 Ferð fyrir eldri félagsmenn
- 13 Nýtt skrifstofuhúsnæði á Siglufirði
- 14 Fjölsmiðjan á Akureyri
- 16 1. maí hátíðarhöld á Akureyri
– Fjöldi fólks í kröfugöngu
- 17 Vinningshafar frá 1. maí á Akureyri
- 18 1. maí á Siglufirði
- 19 To the members of Eining-Íðja
- 20 Breytingar í Tjarnargerði
- 21 Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 21 Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 22 Síldarminjasafn Íslands
- 23 Bátarnir á safninu
- 24 Aðalfundur starfsgreinadeilda félagsins
- 27 Vinningshafar af aðalfundum deilda
- 28 Do członków związku Eining-Íðja
- 30 Krossgátan
- 32 Framtíð jafnréttis og jöfnuðar
- 33 Orlofshús – Það sem gott er að hafa í huga!
- 34 *ถึงสมาชิก Einingu-Íðju ทุกคน*
- 35 Vinsamlegast athugið!
- 36 Stjórnir og nefndir starfsárið 2008-2009
- 38 Afsláttur hjá Edduhótelum
- 38 Miðar í Hvalfjarðargöng
- 38 Lausar vikur í orlofshúsum



Strandgötu 3 · Sími 440 2370
www.sjova.is

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.

**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

SKEMMTILEGRA GLERÁRTORG!

FLEIRI
SKEMMTILEGAR
VERSLANIR!

GLERÁRTORG
... af nógu að taka

Rúmfatalagerinn · Kaffi Torg · Eymundsson · Lyf og Heilsa · Ís inn · Dressmann · Accessorize
Heilsuhornið · Mössuskór · Centro · Djásnið · Do Re Mi · Tiger · Sportver · Ice in a bucket · Kaupþing
Olympia · 66° Norður · Vodafone · Halldór Ólafsson Úrsmiður · Geisli · Nettó · Benetton · Levi's
Jara · Imperial · ToysRus · Focus · Síminn · LaSenza · Office 1 · Pottar og Prik



KJARNAFÆÐI

**ALVÖRU KRAFTUR
ALVÖRU BRAGÐ**

**KJARNAFÆÐI PEPPERONI,
ALVÖRU PEPPERONI...**

**...AF ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER
KJARNAFÆÐI PEPPERONI!**

GEIMSTOFAN

Lækkað félagsgjald - er nú 1%

Á síðasta aðalfundi félagsins, sem haldinn var í apríl, var samþykkt að félagsgjaldið, sem var 1,3%, yrði lækkað frá 1. júní sl. og er það nú 1% af öllum launum.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, segir að árið 2000 hefði verið samþykkt að gera átak til að efla Vinnudeilusjóðinn. „Nú er hann orðinn nokkuð vænn, þótt hann mundi sjálfsagt ekki duga lengi í allsherjarverfalli. Stjórn félagsins fjallaði um málið og taldi að nú væri tímabært að lækka félagsgjaldið aftur í 1% eins og það var áður. Stóru félögin í Reykjavík

hafa gengið á undan og lækkað gjaldið niður í 0,7% en það treystir stjórnin sér ekki til að gera með þann rekstur sem er í dag. Þar á ég við að halda úti skrifstofum á Dalvík og Siglufirði og vera með samstarfssamning við Sjómannafélag Ólafsfjarðar. En með frekari sameiningu væri slíkt alveg raunhæfur möguleiki.“



Tveir sæmdir gullmerki félagsins

Á aðalfundi Einingar-löju, sem haldinn var þriðjudaginn 22. apríl sl., voru tveir félagar

sæmdir gullmerki félagsins. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, sagði við það tilfni að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Þetta fólk hefur ekki verið sjálft að hæla sér af verkum sínum sem það þó hefði auðveldlega getað gert. Í huga þess var samstarfsfólkið og félagið ofar á blaði. Eyfirskt verkafólk á ykkur mikið að þakka fyrir ykkar óeigingjarna starf og viðurkenning sú sem ykkur er veitt í dag er mjög smá miðað við það sem þið hafið lagt af mörkum,“ sagði Björn.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru eftirtaldir:

Anna Marin Leósdóttir

Var lengi trúnaðarmaður hjá Frystihúsi Dalvíkur síðan Samherja og var ein af mættarstöðunum í starfi Dalvíkurdeildar Einingar-löju. Sat einnig í trúnaðarráði, samninganefnd félagsins og sinnti fjölmörgum störfum í þágu félagsins.

Egill Ragnarsson

Var lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Hann var frá upphafi í stjórn Fiskvinnsludeildar félagsins. Sat í trúnaðarráði, samninganefnd félagsins og sinnti fjölmörgum störfum í þágu þess.



Gullmerkjahafar ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.: Björn Snæbjörnsson, Anna Marin Leósdóttir, Egill Ragnarsson og Matthildur Sigurjónsdóttir.

Nýir starfsmenn

Þrír nýir starfsmenn hófu nýlega störf á skrifstofum Einingar-löju.

Ásgrímur Örn Hallgrímsson hóf störf þann 1. mars sl. Hann starfar á skrifstofu félagsins á Akureyri, en Ásgrímur starfaði áður hjá FREMRI Almannatengslum og er ráðinn sem upplýsingafulltrúi félagsins.

Netfangið hjá Ásgrími er asgrimur@ein.is

Elsa Sigmundsdóttir hóf störf þann 10. maí sl. Hún mun leysa Nicole Kristjánsson af til 1. desember nk. á meðan Nicole er í fæðingarorlofi.

Netfangið hjá Elsu er elsa@ein.is

Freydís Antonsdóttir hóf störf þann 6. maí

sl. Hún mun leysa Guðrúnu Skarphéðinsdóttur af á skrifstofu félagsins á Dalvík um óákveðinn

tíma á meðan Guðrún er í veikindaleyfi. Netfangið hjá Freydísi er freydís@ein.is



Ásgrímur Örn Hallgrímsson.



Elsa Sigmundsdóttir.



Freydís Antonsdóttir.



Velkominn til Danmerkur

- Bjóðum fjölbreytt úrval sumarhúsa af öllum stærðum. í Danmörku. 2ja manna og uppí 25 manna hallir.
- Bjóðum fjölbreytt úrval orlofshverfa í Danmörku.
- Bjóðum ótrúlega ódýra bílaleigubíla fyrir Íslendinga.
- Reynið frábæra þjónustu okkar við val á sumarhúsi og staðsetningu þess í Danmörku.
- Val á sumarhúsi er mjög einföld beint af heimasíðu okkar www.fylkir.is eða fáðið sendan verðlista.



sími 456-3745
www.fylkir.is



Fundusz Kredytów Mieszkaniowych dla
- wszystkich

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Tel: 569 6900, Fax: 569 6800



KEA

Fjárfestingafélag með sterkar rætur

Nýr kjarasamningur við ríkið til marsloka á næsta ári

- Veruleg hækkun grunnlauna

Að loknum stífum fundahöldum í húsakynnum ríkissáttasemjara var gengið frá nýjum kjarasamningi Starfsgreinasambandsins (SGS) við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs aðfaranótt 26. maí sl. Samningurinn er til 11 mánaða, eða til loka mars 2009.

Hann nær til um 5.000 einstaklinga innan aðildarfélagas SGS, einkum starfsfólks á sjúkrastofnunum, en einnig starfsfólks hjá öðrum ríkisstofnunum og fyrirtækjum. Launataxtar hækkðu um kr. 20.300 frá og með 1. maí sl. en frá sama tíma tók gildi ný launatafla. Persónuuppbót á árinu 2008 verður kr. 44.100 og orlofsuppbót kr. 24.300.

Réttur foreldra til fjarveru vegna veikinda barna fer úr 10 dögum í 12. Framlag ríkisins í styrktar- og sjúkrasjóð aðildarfélagas SGS hækkar í 0,75% af heildarlaunum starfsmanns frá 1. janúar 2009. Þá var samið um sérstaka jöfnunargreiðslu 17.000 kr. fyrir ræstitækna í tímamældri ákvæðisvinnu sem greidd verði út 1. desember nk. Tryggt var sambærilegt framlag til endurhæfingarmála, 0,13% endurhæfingargjald.



Björn að kynna nýja samninginn fyrir trúnaðarmönnum félagsins.

Ásættanleg niðurstaða

Fyrir hönd Einingar-löðu sátu fjórir fulltrúar í samninganefndinni; Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, Lovísa Guðjónsdóttir FSA, Ingibjörg Ólafsdóttir, Heilbrigðisstofnun Siglu-fjarðar og Geir Guðmundsson Vega-gerðinni.

Björn segist vera ánægður með niðurstöðuna. „Þetta er vel ásættanlegt og skynsamlegt að semja í stuttan tíma. Sérstaklega í ljósi þess ástands sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi, en samningurinn verður laus

á svipuðum tíma og endurskoðunarákvæði á samningi á almennum markaði verða opin. Vissulega hefði verið ánægjulegt ef okkur hefði tekist að ná fram sérstakri hækkun til umönnunarstétta og lagfæringum á vaktavinnuumhverfinu, en aðilar að samningnum eru ásáttir um að ræða vaktavinnu og vaktuumhverfi á samningstímanum, sem vonandi mun leiða til úrbóta síðar,” segir Björn.

Póstkosning á landsvísu

Tveir kynningarfundir um samninginn voru haldnir þriðjudaginn 3. júní sl., á Akureyri og á Siglufirði. SGS sendir öllum þeim sem vinna eftir samningi við ríkið póst með kjörgögnum og nánari upplýsingum um atkvæðagreiðsluna. Það þarf að vera búið að tilkynna úrslit kosningarinnar fyrir kl. 16 föstudaginn 20. júní nk. og því þarf að skila inn atkvæðaseðli fyrir. Nánar verður sagt frá því í þeim gögnum sem berast frá SGS. Kjara-samninginn í heild sinni má lesa á heimasíðu félagsins, www.ein.is

Eining-löja hvetur alla félagsmenn sína sem vinna eftir þessum samningi til að nýta rétt sinn og taka þátt í póstkosningunni.



Fundir samninganefnda SGS og ríkisins voru margir og oft á tíðum langir.

Eining-Iðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



capacent




Fjölmennur aðalfundur Einingar-löju



Níundi aðalfundur Einingar-löju var haldinn á Hótel KEA á Akureyri þriðjudagskvöldið 22. apríl sl. Félagsmenn fjölmenntu á fundinn og sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar, að greinilegt væri að fólk væri áhugasamara nú en áður um rétt sinn. „Álag á skrifstofu félagsins var mikið á starfsárinu, eins og oft áður. Almenn þjónusta við félagsmenn hefur vaxið mjög undanfarin ár og greinilegt er að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn,” sagði Björn.

Stærri félagssvæði

„Félagssvæðið hefur nú heldur betur stækkað, því eins og þið vitið var Vaka á Siglufirði sameinuð félögum hér á Akureyri um síðustu áramót. Þetta þýddi að 360 félagar úr almennt deild Vöku sameinuðust



okkur. Það munar um minna og bíð ég þá velkomna í félagið og vona að þeim muni líða vel hér hjá okkur,” sagði Björn. Hann sagði einnig að búið væri að kaupa nýtt húsnæði á Siglufirði undir skrifstofu félagsins. „Nú er rekin sameiginleg skrifstofa á Siglufirði og ber Eining-löja ábyrgð á henni. Aðgengi að skrifstofu sem nú er í notkun er ekki nógu gott fyrir fatlaða og aldraða og því höfum við keypt nýtt húsnæði á 1. hæð og verður það tilbúið í haust.”

Sjálfstæði eða sundrung

Björn telur að félögin á Eyjafjarðarsvæðinu séu að missa af fleiri tækifærum til að sameinast. „Aukning er á sameiningu fagfélaga við félög í Reykjavík og nú er spurningin hvað sjómannafélögin hér við fjörðinn gera. Ég tel að félögin eigi í fullri alvöru að skoða sameiningarmál fyrir en seinna. Það er staðreynd að ef við þjöppum okkur ekki saman munu aðrir gleypa okkur og þá verða þau áhrif sem verkalyðshreyfingin hefur haft á mótun stefnu í hinum ýmsu málum innan hreyfingarinnar að engu. Ég tel að næsta starfsár muni skera úr um hvort okkur auðnist að standa saman um sjálfstæði okkar eða hvort sundrunin tekur völdin,” sagði Björn.

Aðgerðarleysi stjórnmálamanna

Björn sagði að síðasta ár hefði verið samningaár og mikið tekist á. „Þann 17. febrúar síðastliðinn var skrifað undir nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. Samningurinn er um margt ólíkur fyrri samningum. Mörgu af því sem lagt var upp með tókst að ná fram, að þeir sem minnst hefðu fengið mest og að kauphækkunin sem náðist var krónutala, en ekki prósent. En gleðin yfir nýjum samningi var skammvinn því aðeins nokkrum dögum eftir að við samþykktum samninginn brast á kreppa með verðhækkunum, falli krónunnar og alls konar óáran sem setur heimilin í landinu í uppnám og ef heldur fram sem horfir eru engar líkur á að samningurinn haldi þegar kemur að endurskoðuninni í febrúar á næsta ári. Það er alveg grátlegt að horfa á aðgerðarleysi stjórnmálamanna, það er eins og þeim komi þetta ekki við. Það er einnig svolítið skondið að sjá alla þessa fjármálaráðgjafa gufa upp og þeir nýríku eru nú hættil að tilkynna milljarða gróðann sem þeir voru að fá út á lottóíð og verðlausa pappíra. En við verðum að vona að eitthvað verði gert og að almenningur komi ekki brotinn út úr þessum ólgusjó fjárglæfra og stjórnlæysis.”

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan svæðisfulltrúarnir fimm, þær Elisabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Marzibil E. Kristjánsdóttir og formenn deildanna þriggja ásamt varaformanni stærstu deildarinnar, þau Anna Júlíusdóttir, Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Kristbjörg Ingólfssdóttir.

Á bls. 36 og 37 í blaðinu má finna lista yfir alla þá sem sitja í stjórn, nefndum og trúnaðarráði fyrir félagið.



83 símtöl að meðaltali á dag

Álagið á skrifstofur félagsins var mikið, eins og oft áður, og þá einkum að svara fyrirspurnum félagsmanna varðandi kaup og kjör og hefur það vaxið mjög undanfarin ár og er greinilegt að fólk er áhugasamara nú en áður um rétt sinn. Einkum er það unga fólk sem er að skila sér og telur Björn að það sé afleiðing af fræðslustarfinu sem félagið hefur beitt sér fyrir í tíundubekkjum grunnskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu og í Verkmenntaskólanum á Akureyri, en á hverju ári hitta starfsmenn félagsins um 1.000 ungmenni á þessum kynningum.

Á skrifstofur félagsins voru hringd inn 20.502 símtöl síðastliðna 12 mánuði, þ.e.a.s. 1.709 á mánuði eða 83 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er. Aukningin milli ára er um 15%.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið stendur fyrir og er heilmikið notuð. Á árinu 2007 spörðu Einingar-löjufélagar um kr. 4,4 milljónir með því að kaupa sér miða hjá félaginu.

Á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is, er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



Vinningshafarnir fimm; f.v.: Hrefna, Lilja, Jón, Matthildur og Matthías.

Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundinum var efnt til happdrættis. Þetta er í annað sinn sem slíkt er gert og sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, að það væri aldrei að vita nema slíkt yrði gert á einhverjum fundum félagsins í framtíðinni. Nöfn allra sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn fimm heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.

Vinningar og vinningshafar

Aðalvinningur kvöldsins var flug fyrir tvo, Akureyri, Kaupmannahöfn, Akureyri að verðmæti kr. 80.000. Hann hlaut **Jón Arngrímsson**.

Annar vinningur var vikuvöl í íbúð félagsins í Reykjavík að vetri til. Þann vinning fékk **Matthildur Jónsdóttir**.

Einnig voru tveir vinningar þar sem í boði var helgi í orlofs-húsi félagsins á Illugastöðum yfir vetrartímann. Þá vinninga hlutu **Lilja Björk Jósepsdóttir** og **Matthías Angantýsson**.

Hrefna Hreiðarsdóttir fékk lokavinning kvöldsins, nýja gerð af bakpoka merktan félaginu.

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (SGS)



Ríkismennt

Skeifan 8 2. hæð • 108 Reykjavík • sími: 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Vel heppnuð leikhúsfærð

*Rúmlega 100 eldri félagsmenn Einingar-löju fóru í leikhús í boði félagsins í lok mars sl. Farið var á söng- og gleðileikinn **Þið munið hann Jörund**, sem sýndur var í Freyvangsleikhúsinu.*

Farið var frá Alþýðuhúsinu í tveimur rútum og ekið sem leið lá inn á Öngulsstaði, þar sem glæsilegt kaffihlaðborð beið leikhúsgesta. Að því

loknu var farið í Freyvang og var sýningin hin besta skemmtun. Mikið var um tónlist og söng þar sem sagt var frá viðburðaríkum vikum í lífi Jörundar hundadagakonungs.

Látum myndirnar tala sínu máli.



Ferð fyrir eldri félagsmenn

Eins dags ferð fyrir eldri Einingar-löjufélaga verður farin laugardaginn 21. júní nk. Farið verður vestur í Skagafjörð þar sem snæddur verður hádegisverður á Sauðárkróki. Þaðan verður farið yfir Þverárfjall og til Blönduóss. Á heimleiðinni verður drukkið kaffi í Varmahlíð. Skráning í ferðina fer fram á skrifstofu félagsins á Akureyri og í síma 460 3600.



Nýtt skrifstofu- húsnæði á Siglufirði

Eining-löja stefnir á að taka nýtt skrifstofuhúsnæði félagsins á Siglufirði í notkun í september nk., en nýverið keypti félagið neðri hæðina að Eyrargötu 24, þar sem gamla bólsturgerðin var til húsa.

Húsnæðið verður allt tekið í gegn, bæði utan og innan, og mun gjörbreyta öllu aðgengi félagsmanna að skrifstofu félagsins á staðnum. Núverandi húsnæði hentar ekki starfsemi félagsins þar sem skrifstofan er á 2. hæð í lyftulausu húsi og stigin ekkert til að hrópa húrri fyrir. Búið er að bjóða verkið út og er stefnt á að opna skrifstofur félagsins á þessum nýja stað í nóvember nk.



Skrifstofan, Eyrargötu 24 Siglufirði.

AUGLÝSTU
FRÍTT
Á NETINU!

Á dagskrain.is getur þú auglýst
án þess að borga krónu!
Þú getur selt skólabækurnar,
óskað eftir bíl, íbúð eða bara
hvað sem er!

 **DAGSKRÁIN.IS**
Frjár smáauglýsingar

Landsmennt skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Fjölsmiðjan á Akureyri

- vinnusetur fyrir ungt fólk

Í byrjun mars sl. tók Fjölsmiðjan formlega til starfa, en hún er vinnusetur fyrir ungt fólk, sem stendur á krossgötum í lífinu. Þar gefst ungu fólki á aldrinum 16 til 24 ára tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Starfsemin hófst í september í fyrra með endurbótum á húsnæðinu sem stendur við Óseyri 1a og er um 430 fermetrar að stærð. Þrír leiðbeinendur starfa við Fjölsmiðjuna en forstöðumaður hennar er Erlingur Kristjánsson. Síminn í Fjölsmiðjunni er 414 9380. Fjölsmiðjan var stofnuð sumarið 2007 að fyrirmynd Fjölsmiðjunnar í Kópavogi sem hefur verið starfrækt síðan 2001 með frábærum árangri. Stofnendur eru Rauði krossinn, Akureyrarbær, Vinnu-málastofnun, Eining-lðja og FVSA og er stjórn Fjölsmiðjunnar skipuð fulltrúum þeirra.

Margvísleg verkefni

Erlingur segir að Fjölsmiðjan leitist við að bjóða fjölbreytni í vinnu og auðvelda nemum að taka ákvörðun um framtíð sína að lokinni starfsþjálfun. „Við leggjum áherslu á að þeir nemar, sem hafa verið við störf í Fjölsmiðjunni fari þaðan sem sterkari einstaklingar félagslega, námslega og hæfari fyrir vinnumarkaðinn. Það er því ætlunin að vera í góðum tengslum við skóla og vinnumarkað til að aðstoða nemana við að velja sér leiðir í lífinu. Hjá okkur starfa núna 13 ungmenni en þar af er aðeins ein stúlka, við viljum hins vegar gjarnan hafa herra hlutfall stúlkna. Við tökum að okkur margvísleg verkefni fyrir fyrirtæki og félög en aðalverkefni

okkar er verslun með notuð húsgögn og húsbúnað þar sem má gera mjög góð kaup, en þar má finna svo að segja allt milli himins og jarðar. Við sjáum um eldhús og mötuneyti ásamt bílþvotti fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Við tökum einnig að okkur alls konar smærri verkefni í samstarfi við fyrirtæki s.s. að gera við vörubretti, smávegis málningarvinnu og vinnu við að setja límmiða á bækling og blöð sem á að senda í pósti.“

Fjölsmiðjan er í góðu sambandi við starfsfólk Fjölsmiðjunnar í Kópavogi og segir Erlingur að allt þeirra skipulag sé fengið að láni frá þeim og þegar upp koma vandamál þá ráðfæri hann sig gjarnan við þau. „Nú er fyrrverandi starfsmaður Fjölsmiðjunnar í Kópavogi að setja upp samskonar starfsemi í Nuuk á Grænlandi og hann hefur einnig verið í sambandi og heimsótt okkur hér á Akureyri. Þannig reynum við að fá stuðning og hugmyndir hvert frá öðru.“

Góðar móttökur

Erlingur segir að frá formlegri opnun, sem var 8. mars sl., hafi gengið mjög vel og greinilegt að það spyrjist fljótt út hvað þau séu að gera. „Við auglýstum í upphafi nytjamarkaðinn og síðan er fólk að átta sig á bílþvottastöðinni og mötuneytinu. Móttökurnar hafa verið mjög góðar. Allir eru sammála því að þörfin fyrir svona vinnustað er brýn og velvilji í okkar garð alls staðar áberandi. Fólk gerir mikið af því að hringa og láta okkur sækja til sín dót sem það vill losna við. Einnig er góð sala í búðinni hjá okkur og því greinilegt að þörfin fyrir svona verslun var næg.“



Alltaf þörf

„Í mínum huga er alltaf þörf á svona stað og fyrir því eru nokkrar ástæður. Það er mikið af fólki sem finnur sig ekki í skóla, jafnvel tímabundið og þarf tíma til að átta sig. Síðan eru vinnustaðir ekki allir þolinmóðir gagnvart ungu fólki og unga fólkið sjálft stundum mjög óákveðið. Því eru krakkarnir oft reknir eða segja fljótt upp og eftir nokkurn tíma vill enginn ráða þá í vinnu. Að lokum er það hópurinn sem lendir á villigötum vegna fíkniefnaneyslu eða sjúkdóma eins og þunglyndis. Ástæðurnar geta því verið mjög mismunandi.“

Núna eru nokkrir strákar búnir að vera hjá mér síðan fyrir áramót og ég tel þá vel tilbúna til að fara út í atvinnulífið. Við reynum að finna fyrir þá vinnu og síðan hvet ég atvinnurekendur til að hafa samband ef þá vantar starfsmenn. Við getum þá í sameiningu kannað hvort einhver í Fjölsmiðjunni myndi henta í viðkomandi starf,” segir Erlingur.



Eining-Íðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning





1. maí hátíðarhöld á Akureyri

Fjöldi fólks í kröfugöngu

Veðrið lék ekki við Akureyringa og nær-sveitunga þann 1. maí sl., norðanátt og hiti rétt yfir frostmarki, en fjöldi fólks tók engu að síður þátt í kröfugöngu í tilefni dagsins. Gengið var fylktu liði frá Alþýðuhúsinu í Sjallanum við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar. Hátíðardagskrá fór fram í Sjallanum að göngu lokinni og þar var einnig boðið upp á glæsilegt kaffihlað-borð.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segist vera ánægður með þátttökuna og vill minna á að við eigum að sýna þessum degi þá virðingu sem honum ber. „Það er illa séð af hálfu verkalyðsfélaga að unnið sé á þessum degi, auðvitað þarf fólk í umönnunarstörfum að mæta í sína vinnu alla daga ársins, en það þarf ekki að boða fólk í vinnu þar sem brýna nauðsyn ber ekki til. Það er ákveðin vanvirðing við daginn og það sem hann stendur fyrir. Verkalyðshreyfingin hefur árum saman barist fyrir ýmsum réttindum sem hafa ekki komið af sjálfsu sér. Það hefur sýnt sig að samstaða fólks hefur verið dýrmæt og með henni er hægt að áorka miklu,“ segir Björn.

Verjum kjörin

Helgi Jónsson, formaður Rafvirkjafélags Norðurlands, flutti ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna, Magnús Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, hélt ávarp

þar sem hann fjallaði m.a. um atvinnuuppbyggingu í Eyjafirði og Pétur Sigurðsson, fyrrum formaður Verkalyðsfélags Vestfirðinga, flutti aðalræðu dagsins.

Fjölbreytt skemmtidagskrá var í boði. Kristján Edelstein og Pétur Hallgrímsson léku nokkur vel valin lög er gengið var í salinn og eins þegar kaffið var drukkið, krakkarnir úr „Wake me up“ sungu nokkur lög úr samnefndum söngleik eftir Hallgrím Helgason sem var frumsýndur í Samkomuhúsinu á Akureyri þann 8. maí sl. Leikarar, dansarar, söngvarar og hljóðfæraleikarar eru allt ungt fólk á aldrinum 13-25 ára. Hildur Inga Magnadóttir og Margot Kiss, sem komu frá Tónlistarskólanum á Akureyri, sungu þrjú lög og að endingu söng Gospelkór Akureyrar nokkur lög.

Allir sem tóku þátt í kröfugöngunni fengu afhenta happdrættismiða og var dregið í Sjallanum að göngu lokinni.

„Verjum kjörin“ voru kjörorð dagsins.

Ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna í Eyjafirði

„Verjum kjörin er kjörorð okkar hér í dag. Snúum bókum saman, náum verðbólgunni niður, treystum velferðina og sameinumst í þeirri kröfu að fátækt verði útrýmt í einu ríkasta landi veraldar.

Efnahagsstjórn síðustu ríkisstjórna hefur byggst á athafnaleysi í skjóli mikillar þenslu og

aukinnar skuldsetningar, og nú blasa afleiðingar við. Gengishrun, ofurvextir og verðbólga sem er allt að tvöfalt hærri en viðunandi er og stefnir enn hærra. Verðlag á dagvöru er hér 30-40% hærra en í nágrannalöndunum, við búum við hæstu vexti í Evrópu og þó víðar væri leitað. Þessar aðstæður setja forsendur kjarasamninga og fjárhag heimilanna í upp-nám. Framfærsla til heimilisins hefur ekki lent í álíka hækkunum í áratugi. Við gerð kjarasamninga fyrir rétt rúmum tveimur mánuðum vonuðst allir til að hægt væri að renna styrkari stoðum undir stöðugleikann, en gleðin var skammvinn því aðeins nokkrum dögum eftir að samningar voru samþykktir brast á kreppa. Ef heldur fram sem horfir eru engar líkur á að samningurinn haldi þegar kemur að endurskoðun í febrúar á næsta ári. Það er alveg grátlegt að horfa á aðgerðarleysi stjórnmalamanna, það er eins og þeim komi þetta ekki við, og er hér með skorað á stjórnvöld að beita sér harðar fyrir stöðugleika í verðlagsmálum.

Þá virðist sem svo, að ríkisstjórnin ætli sér að nota bygginga- og verktakaiðnaðinn sem kæli-tæki fyrir efnahagslífið og spilar þar af fullkomnu ábyrgðarleysi með fjárhag tugþúsunda heimila sem alfarið byggja afkomu sína á störfum í þessum greinum. Og því hefur verið spáð að atvinnuleysi á almennum vinnumarkaði geti farið yfir 10% á næstu misserum og að hrun verði í byggingaiðnaði.

Það er brýnt að grípa inn í atburðarásina áður en það verður of seint. Það er ekki of seint. Með samstilltu átaki getum við snúið þessari þróun við og náð verðbólgunni niður. Við megum ekki missa sjónar á þeim styrkleika, sem íslenskt efnahagslíf býr yfir og tímabært er að allir leggi sitt af mörkum. Launafólk hefur tekið á sig sinn skerf, nú er komið að fyrirtækjunum og stjórnvöldum.

Þörf á þjóðarsátt

Eitt meginmarkmið nýgerðra kjarasamninga var að tryggja kaupmátt og stöðugleika í efnahagsmálum og þar tók launafólk á sig mikla ábyrgð. Við hvetjum stjórnvöld, forsvarsmenn fyrirtækja og opinberra stofnana að gæta að sér við verðhækkanir. Ef óðaverðbólga festist í sessi munu allir sitja eftir í verri stöðu en áður. Það ætti því að vera kappsmál allra að ná tökum á verðbólgunni.

Forsendur kröftugs efnahagslífs er jöfnuður í þjóðfélaginu og styrk velferðarþjónusta. Misrétti í tekjuskiptingu og kjaramálum er ból sem er brýnt að stemma stigu við.



Á tímum aukins misréttis og vaxandi ójafnaðar í tekjuskiptingu þjóðarinnar er mikilvægt að launafólk snúi bókum saman til að bæta kjör sín og vinna að því að útrýma fátækt í landinu.

Þá má geta þess, að samfara mikilli stækkun íslenskra fyrirtækja og útrás þeirra þá starfa um 200 þúsund manns hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis, en íslenskur vinnumarkaður telur um 160 þúsund manns. Það er ljóst að nútíma

íslenskt atvinnulíf getur ekki starfað við þær aðstæður sem því er skapað af stjórnvöldum. Það er ekki ásættanlegt að búa við einn lakasta kaupmátt sem þekkist í nágrannalöndunum og þær rússbanaferðir sem stjórnvöld bjóða heimilum og fyrirtækjum upp á með aðgerðaleysi sínu í efnahagsmálum. Nú þarf þjóðarsátt líkt og aðilar vinnumarkaðarins gerðu árin 1988 til 1992.

Gera þarf stóraták í að bæta kjör aldraðra og öryrkja, sem setið hafa eftir í kaupmáttarþróun undangenginna ára. Mikilvægt er að draga úr tekjutengingu bóta, skatta á lífeyrisgreiðslur þarf að samræma við skatta á fjármagnstekjur.

Stéttarfélögin enn mikilvægari en áður

Stéttarfélög hafa gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna í dag. Þeirra verkefni verður sífellt víðtækara. Ef lítið er til þeirra breytinga í þjóðfélaginu, sem hafa átt sér stað á síðustu árum, þá verður þetta vaxandi hlutverk stéttarféлага ljóst:

Aukin markaðsvæðing, alheimsvæðingin, samfara störefldum styrk fjármagnseigenda. Ísland er hluti af þessu alþjóðlega og samtvinnnaða viðskiptaneti. Vaxandi áhrif auðhringa



Vinningshafar frá 1. maí á Akureyri

Allir, sem tóku þátt í kröfugöngunni á Akureyri þann 1. maí sl., fengu afhentan happdrættismiða og var dregið í Sjallanum að göngu lokinni. Fimm vinningar voru í boði, fjögur gjafabréf og ein gjafakarfa í boði stéttarfélaganna, og hlutu eftirfarandi vinning.

Gunnar Halldórsson fékk gjafakörfu frá Hagkaup, sem í var ýmiss konar ítalskt góðgæti, **Guðrún Antonsdóttir** og **Kamilla Heimisdóttir** fengu gjafabréf frá Nettó, **Arndís Sigurpáldóttir** fékk gjafabréf frá Bónus og **Guðrún Benediktsdóttir** fékk gjafabréf frá Glerártorgi.



Vinningshafar f.v.: Gunnar, Guðrún, Arndís, Kamilla og Guðrún.

og stórfyrirtækja, sem styðjast við markaðs-sinnaða stjórnmálamenn, sækja að réttindum og kjörum launafólks um allan heim. Okkar þjóðfélag er hluti af smækkandi heimsmynd þar sem verkalýðshreyfingin þarf að verja af fullum þunga þau réttindi og kjör sem við höfum náð með baráttu á síðustu öld. Markaðs- og einkavæðing undangenginna ára hefur grafið undan velferðarþjóðfélaginu og valdræði tekið við af lýðræði. Stéttarfélagin eru öflugasta vopnið sem almennt launafólk hefur í baráttunni fyrir betri kjörum og réttindum. En þau geta einnig stutt við og myndað hið mikilvæga aðhald almennings að markaðsöflunum sem svo sárlega skortir til að eitthvert eðlilegt jafnvægi myndist milli stórfyrirtækja, viðskiptablokka og almennings í landinu. Hlutverk stéttarfélaganna hefur ekki síður verið að standa vörð um íslenska velferðarsamfélagið, mannréttindi og réttinn til að lifa góðu og heilbrigðu lífi.

Jafnréttismál

Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til launa og starfa eru grundvallarmannréttindi. Mikilvægasti áfanginn á þeirri leið undanfarin ár var fólgin í fæðingarorlofslögunum. En sá



stóri vandi að uppræta kynbundinn launamun á íslenskum vinnumarkaði er enn óleystur. Það er staðreynd. Afnáam launaleyndar er eitt af úrræðunum til að jafna kjör karla og kvenna.

Sókn er besta vörnin

Á baráttudegi launafólks, 1. maí, leggjum við áherslu á að sóknin sé besta vörnin. Við eigum ekki að láta staðar numið fyrir en við höfum

jafnað laun karla og kvenna í landinu, stórbætt kjör aldraðra og öryrkja, bætt húsnæðiskerfið, heilbrigðisþjónustuna, stóraukið símenntun og efti starfsmenntun. Forsenda þess að þetta takist er samstillt átak allra samtaka launafólks - verkalýðshreyfingarinnar allrar.

Leggjumst sameinuð á áramnar – treystum velferðina – útrýmum fátækt.



1. maí á Siglufirði

Fjölmargir Siglufirðingar kíktu í kaffi í veitingastaðinn Allann þann 1. maí sl. en þar var öllum boðið í kaffi í tilefni dagsins. Margrét Jónsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Einingar-löðu á Siglufirði, flutti þar einnig ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð.

To the members of Eining-löja

The 9th general meeting of Eining-löja was held at Hotel KEA 22nd of April 2008. Many members came and as Björn Snæbjörnsson, chairman of the union, mentioned in his report, obviously people are now more concerned about their rights than before. "The burden on the office of Eining-löja was heavy the last year, like often before. General service for the members was growing a lot in the last year and obviously people are more considered on their rights than before." Björn said.

1% membership fee

At the meeting was agreed on the reduction of the membership fee from on the 1st of June 2008 to 1% of the whole salary. Björn said in the year 2000 it was decided to make an effort to build up a strike fund. "Now this fund is rather solid, even if it would not stand a long time in case of a general strike. The executive committee discussed this matter and came to the conclusion it would be the right time to reduce the membership fee again to 1% like it has been before. Big unions in Reykjavík went ahead and reduced the fee to 0,7%, but the executive committee didn't want to follow this step in this situation of managing the union as it is now. By mentioning the situation of managing the union I want to refer to the offices in Dalvík and Siglufjörður

and the cooperation with the Seamens Union Ólafsfjörður. But with proceeding unification it would be a real possibility."

Bigger influence area for the union

"The influence area of the union was growing. As you all know was the union Vaka in Siglufjörður unified with Eining-löja here in Akureyri from on the 1st of January 2008. That means 360 more members for Eining-löja from the general branch of Vaka. I want to wish them a warm welcome in our union hoping all our new members will feel well here." Björn said. He also mentioned the buy of a new office space in Siglufjörður. "Now there will be an operating office in Siglufjörður Eining-löja will be responsible for. The access to the old office was not good enough for handicapped or elderly people, that's why we bought a new space on the ground floor which will be finished to be renovated next autumn."

The right to take a summer vacation

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately,



by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löja wishes to remind its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid a special single-sum holiday bonus. This year's amount is kr. 24,300 based on full employment, in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

According to a contract with the SA- Confederation of Icelandic Employers the holiday bonus is to be paid at the beginning of a vacation, or no later than 15 August. Those who work according to a contract with the State Wages and Salaries Commission are to receive the payment by 1 June. The contract with the Municipal Wages and Salaries Commission specifies 1 May as the date of payment of the holiday bonus.

The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in





Iceland. The price of one coupon is kr. 4,700 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2008, the price of a room of this type is kr. 7,500. The coupons will be available at the Eining-löja office.

Children can share the rooms with

grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings.

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 520. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work.

It gives the employee considerable

security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Please contact Eining-löja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

Period of notice

- Mutual right
- Notice shall be in writing.
- Notice shall be dated from and including the 1st of a month.

During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.

Breytingar í Tjarnargerði

Mikið hefur gengið á í bústað félagsins í Tjarnargerði undanfarna mánuði en þar hafa staðið yfir framkvæmdir sem nú er loks lokið. Byggt var við bústaðinn og óhætt er að segja að hann hafi fengið algera andlitslyftingu.

Eldhúsið var gert fokhelt og ný eldhúsinnrétting og ný tæki sett þar upp. Í viðbyggingu var útbúið nýtt baðherbergi og eru þá tvö baðherbergi í bústaðnum, þar er einnig góð geymsla. Bústaðurinn var málaður að innan og flísar settar á eldhúsgólf.

Nýjar dýnur eru komnar í rúmin og eins voru keypt ný húsgögn. Pallurinn var jafnframt stækkaður og byggt var utan um leiksvæðið og því er þar nú góð, barnheld girðing.



Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.

Full orlofsuppbót er mismunandi milli samninga en á heimasíðu félagsins, www.ein.is má finna töflu yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma. Reglur vegna samninganna eru ekki alveg eins, þær má lesa hér fyrir neðan.

Samningar við Samtök atvinnulífsins

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl eða eru í starfi 1. maí. Orlofsuppbót miðað við fullt starf á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 er kr. **24.300**, greitt er hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Samningur við Samninganefnd ríkisins

Aðfaranótt 26. maí sl. var gengið frá kjarasamningi SGS við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samkvæmt honum er orlofsuppbótin í ár kr. **24.300** miðað við fullt starf. **Enn á eftir að kjósa um samninginn en stefnt er að því verði lokið fyrir 20. júní nk.**

1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var lengur frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lauk eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mán-



uðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Orlofsuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetrafjölda sem greiddur er tímabilið 1. júní til 30. apríl þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.

Samningur við Launanefnd sveitarfélaga

Hinn 1. maí ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á árinu 2008 er kr. **23.600** ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfelldt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitenda lauk eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs

Ársfundur sjóðsins var haldinn í Mývatns-sveit 8. maí sl. Fundinn sóttu um 80 manns, fulltrúar aðildarféлага og atvinnurekenda svo og almennir sjóðfélagar. Eining-löja átti rétt á að senda 35 fulltrúa á fundinn.

Formaður stjórnar, Björn Snæbjörnsson, flutti skýrslu stjórnar og í máli hans kom m.a. fram að sameining sú sem átti sér stað í fyrra hefði tekið í alla vel, „þrátt fyrir að hún hafi tekið nokkuð lengri tíma en ráð var fyrir gert, þegar hún var samþykkt á ársfundum sjóðanna í mars 2007. Allir verkferlar og upplýsingakerfi eru farin að virka vel og verkaskipting og samstarf milli skrifstofa hefur gengið vel. Nokkur

kostnaður var samfara sameiningunni, eins og ráð var fyrir gert, en við sjáum strax að sameiningin mun hafa sparnað í för með sér strax á árinu 2008. Stærri eining gefur sjóðnum aukna möguleika til verkaskiptingar og sérhæf-



ingar starfsmanna og sér þess stað í nýju skipulagi hans, en m.a. hefur verið ráðið í nýtt starf sjóðsstjóra í eignastýringu sjóðsins.”

Á fundinum var ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2007 lagður fyrir og samþykktur. Þá voru lagðar fyrir nokkrar breytingar á samþykktum og voru þær samþykktar. Fram fór kosning stjórnarmanna í samræmi við samþykktir sjóðsins og voru Sigrún Björk Jakobsdóttir og Anna María Kristinsdóttir tilnefndar af hálfu atvinnurekenda til tveggja ára og Aðalsteinn Árni Baldursson af hálfu launþega. Varamenn af hálfu atvinnurekenda voru tilnefndir Þorbjörg Þorfinnsdóttir og Ágúst Torfi Hauksson og Þórarinn G. Sverrisson af hálfu launþega.

Síldarminjasafn Íslands



Siglufjörður var fyrrum kallaður síldarhöfuðstaður heimsbyggðarinnar, eða öllu heldur frægasti síldarbær í heimi, og það ekki af ástæðulausu. Þar er nú stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins, sem var opnað til sýningar árið 1994 þegar neðsta hæð Róaldsbrakka var tekin í notkun. Í þremur ólíkum húsum kynnast safngestir síldveiðum og vinnslu á silfri hafsins. Í Bátahúsinu liggja skip og bátar við bryggjur þar sem hafnarstemningin frá því um 1950 er endursköpuð. Róaldsbrakki er gamla norska söltunartöðin og þar er flest eins og áður, vistarverur síldarstúlkanna, kontórin og vinnuplássið. Á góðum sumardögum er þar sýnd síldarsöltun, harmonikkan þanin og slegið er upp bryggjuballi. Í Gránu er safn um sögu bræðsluiðnaðarins sem löngum hefur verið kallaður fyrsta stóriðja Íslendinga. Þar hefur verið komið upp „litilli síldarverksmiðju“ frá 1935-40. Síldarminjasafnið hlaut Íslensku safnverðlaunin árið 2000 er þau voru veitt í fyrsta sinn og Evrópuverðlaun safna árið 2004, Michletti verðlaunin, er safnið var valið besta nýja iðnaðarsafn Evrópu það árið.

Forstöðumaður Síldarminjasafnsins er Örlygur Kristfinnsson og var hann fenginn til að segja frá safninu og tilvist þess. „Á Síldarminjasafninu er fjallað um sögu síldveiða og síldar-iðnaðar á Íslandi. Siglufjörður var höfuðstaður síldveiðanna á 20. öld og því er safnið mjög tengt sögu staðar-

ins. Uppbygging og rekstur safnsins hefur verið í höndum Félags áhugamanna um minjasafn, FÁUM. Félagið var stofnað 1989 og var þá gerður samningur við Siglufjarðarkaupstað um þá tilhögun að FÁUM tæki í sínar hendur húseignir og muni sem ætlaðir voru fyrir safn um sögu staðarins.

Safnið var svo opnað árið 1994 þegar neðsta hæð Róaldsbrakka var tekin í notkun. Viðgerð hússins hófst tveimur árum fyrr og lauk 1996 og var það þá fullbúið sem safnhús á fjórum hæðum þar sem fyrst og fremst er sögð saga síldarsöltunar. Árið 1999 hófst bygging bræðsluhússins Gránu og 2003 var það fullbúið sem safn um sögu síldarverksmiðjanna. Bátahúsið var svo byggt 2003-2004 og vígt af Hákonni krónprinsi Noregs þann 29. júní 2004. Það var stór dagur bæði fyrir safnið og Siglufjörð,” segir Örlygur.

Róaldsbrakki - söltunarsýning

Róaldsbrakki er norskt síldarhús byggt af Ole Tynes 1906-07 fyrir Olaf Roald í Álasundi. Húsið var friðað árið 1977, en 1990 var hafist handa við að endurbyggja það og var því lokið 1996. Róaldsbrakki er hluti af hinn miklu söltunartöð sem rekin var í rúmlega 60 ár og er um leið mjög glæsilegur minnisvarði um áhrif og umsvif Norðmanna í síldarútveginum á Íslandi.

Á neðstu hæð hússins er sýning um síldarsöltun með samspili gamalla muna, mynda og texta. Framhald þeirrar sýningar er á annarri hæð, þar sem útflutningi síldarafurða og skipulagi söltunar eru gerð skil. Þá er þar yfirlit yfir síldarstaðina í landinu og svolítið um áhrif Norðmanna í síldarútveginum hérlandis. Þar eru einnig sérsýningar um líffræði síldarinnar, síldarrannsóknir og sögu síldveiða í öðrum Evrópulöndum. „Að stórum hluta er gamli síldarbrakkin sýndur eins og hann var á síldarárunum þegar tugir síldarstúlkna bjuggu þar á sumrin. Á þriðju hæð er gengið um vistarverur þeirra þar sem skynja má andrúmsloft liðins tíma. Þá er einnig til sýnis gamli kontór síldarspekúlants-



Chris Bogan, kanadískur sagnfræðingur, hreinsar gamlar vélar.



Skipunum komið fyrir í grunni væntanlegs bátahúss – Örlygur slappar af eftir langa vinnutörn.

Bátarnir á safninu:

1. **Týr SK 33.** 38 tonna eikarbátur smíðaður á Fáskrúðsfirði 1946. Einn af nýsköpunarbátunum úr raðsmíðaverkefni á vegum ríkisstjórnarinnar. Hét fyrst Skrúður, síðan Hrafn SH og loks Týr. Var lengi gerður út frá Sauðárkróki en afskráður þar 1988. Stundaði margvíslegar veiðar en er hér sýndur sem síldveiðiskip með tvo snurpunótabáta.
2. **Snurpunótarbátur merktur Skildi SI 82.** Smíðaður 1940-1950, fura og eik.
3. **Snurpunótarbátur frá Brávöllum í Eyjafirði.** Uppruni óviss en líklega var hann notaður við smásildarveiðar í Eyjafirði 1950-65.
4. **Sigurvin SI 16, bátur Gústa guðsmanns.** Upprunalega norskur árabátur úr furu. Síðar breytt og gerður að litilli trillu. Gústi gerði út bát sinn í kompaní við Drottin almáttugan um áratugaskeið. Allar tekjur af útgerðinni runnu til kristnidómsfræðslu barna í fjarlægum heimshlutum.
5. **Draupnir EA 70.** 12 brl. Smíðaður 1954 úr eik á Hauganesi í Eyjafirði af Sigfúsi Þorsteinssyni. Gerður út frá Hauganesi, seldur til Þórshafnar 1980 og þaðan til Vestmannaeyja 1990 og hét þá Kristín VE 40. Hér sýndur sem reknetaveiðibátur til síldveiða.
6. **Hringnótarbátur merktur Einari Hálfðáns ÍS 3.** Talinn smíðaður í Bátalóni í Hafnarfirði á tímabilinu 1950-1955.
7. **Árabátur Soffiu á Nesi.** Smíðaður í Slippnum á Siglufirði um 1938 fyrir Soffu Jónsdóttur heimasætu á Staðarhóli og síðar húsfreyju á Siglunesi. (Sjá söguna „Hver var í bátinum“? í Siglirskar þjóðsögur og sagnir eftir Þ. Ragnar Jónsson bls. 117)
8. **Árabátur/julla Guðjóns Eggertssonar,** smíðuð af Þorgrími bátasmið á Hofsi.
9. **Árabátur/julla Jóns Björnssonar,** smíðuð af Jóni um 1976.

ins þar sem söltunarstöðinni var stjórnað og fólkið fékk greidd laun sín,” segir Örlýgur.

Framan við Róaldsbrakka er gamaldags bryggja þar sem allt er tilbúið til söltunar og gestir safnsins geta notið skemmtilegra og fræðandi sýninga á gömlum vinnubrögðum og stigið dans við dunandi harmóníkuspil. Síldarminjaafnið í Róaldsbrakka hlaut Nýsköpunarverðlaun Ferðamálaráðs 1998, Heiðursviðurkenningu Lýðveldissjóðs 1999 auk Íslensku safnverðlaunanna 2000.

Grána - bræðslusýningin

Bræðsluhúsið Grána var byggt 1999-2000, en þar eru uppsettar vélar og tæki til að sýna íslensku síldarverksmiðjuna á árunum 1935-45. Örlýgur segir að þar sé lýst framleiðsluferlinu frá því síldin kemur inn í verksmiðjuna og þangað til dýrmæt afurðin; lýsi og mjöl, fer til frekari iðnaðar og landbúnaðar í öðrum löndum. Neðri hæðin nýtist enn fremur sem tónleikasalur með rými fyrir um 100 áheyrendur. Á loftinu er Gallerí-Grána þar sem iðulega eru margvíslegar skammtíma list- og sögusýningar.

Helstu áfangastaðir á bræðsluminjasýningunni eru t.d. þærnar þar sem síldin er geymd áður en hún kemur til vinnslunnar, suðukarið þar sem hráefnið er soðið við mikinn gufuhita, ketilhúsið, lýsishúsið, pressuhúsið og svo mætti lengi telja. Örlýgur bendir á að í bakhúsi við Gránu, Njarðarskemmuni, sé rafstöðin, lager verksmiðjunnar og efna-rannsóknastofa. „Þar eru gamlar vélar til rafmagnsframleiðslu. Atlas-díselvél með rafali frá 1939, stór gufutúrbína frá 1946 og vatnsvél með rafali frá Hvanneyrarárvirkjuninni 1913.“

Bátahúsið - hafnarsýning

Bátahúsið var byggt 2003-2004. Í anddyri Bátahússins er uppsett gömul veiðarfæraverslun með innréttingum og verslunarvarningi úr Veiðarfæraverslun Sigurðar Fanndal á Siglufirði. Í forskálanum er einnig sýning um síldarleit. Á lofti yfir anddyri er fundar-salur með litlu bókasafni.

Í meginsýningarrými Bátahússins er endursköpuð stemning síldarhafnarinnar frá 1950-55. Þar liggja

síldarskip og bátar við bryggjur með viðeigandi veiðarfærum. Í bryggju-skúrum eru netagerðarmönnum og smábátaútgerð gerð skil og gamlar kvikmyndir frá síldveiðum sýndar.



Í Bátahúsinu - skipin fullbúin til veiða.



Í veiðarfæraversluninni er gamalt vöruúrval.



Vistarverur síldarstúlkanna.



Grána - sýning um fyrstu stóriðju Íslands

Aðalfundir starfsgreinadeilda félagsins

Miðvikudaginn 12. mars sl. fóru fram fjölmennir aðalfundir starfsgreinadeilda Einingar-löðu á Hótel KEA. Félagið skiptist í þrjár deildir, sem eru Opinbera deild, Matvæla- og þjónustudeild og lðnaðar- og tækjadeild og í byrjun voru allar deildirnar þrjár saman á fundi þar sem Halldór Guðmundsson, félagsráðgjafi hjá Reyni ráðgjafastofu, flutti fræðsluerindið „Sorg og áföll og hlutverk nærumhverfisins.“ Að loknu mjög góðu erindi Halldórs var boðið upp á glæsilegar kaffiveitingar og svo hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, skýrslur, kosningar og fleira. Hér á eftir verður lítillega sagt frá hverjum fundi fyrir sig. Á bls. 32 og 33 eru birtir listar yfir allar stjórnir og nefndir starfsárið 2008-2009 og því verður ekki sagt hér hverjir eiga sæti í stjórnnum þeirra.

Í fyrra varð breyting á fyrirkomulagi varðandi

kosningu stjórna deilda félagsins þegar ákveðið var að kjósa fimm stjórnarmanna til tveggja ára þ.e. til 2009 og fjóra stjórnarmenn til eins árs þ.e. til 2008. Eftir það verða allir kosnir til tveggja ára. Í ár var því kosið um fjóra stjórnarmenn; varaformann og þrjá meðstjórnendur í hverri deild fyrir sig. Þetta er gert til þess að allir stjórnarmenn hætti ekki á sama tíma.

Matvæla- og þjónustudeild

Þetta var annar aðalfundur deildarinnar eftir að Matvæladeild og þjónustudeild voru sameinaðar í eina deild, en þetta er langstærsta deild félagsins. Í lögunum er gert ráð fyrir að formenn deildanna séu sjálfkjörnir í stjórn félagsins. Það á einnig við um varaformann stærstu deildarinnar. Því munu bæði formaður og varaformaður Matvæla- og þjónustudeildarinnar eiga sæti í aðalstjórn félagsins.

Í byrjun fundar flutti Anna Júlíusdóttir, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar og að því loknu var gengið til kosninga um fjóra af níu

stjórnarmönnum deildarinnar. Kjósa þurfti um varaformann deildarinnar því Tryggvi Jóhannsson bauð sig fram gegn Kristbjörgu Ingólfsdóttur. Að talningu lokinni kom í ljós að Kristbjörg fékk 14 atkvæði, Tryggvi 13 og 2 seðlar voru auðir. Kristbjörg verður því varaformaður deildarinnar næstu tvö árin.

Valdimar Gunnarsson, sem var í kjöri sem meðstjórnandi, hætti við framboðið og tilnefndi Tryggva í sinn stað. Því voru Tryggvi, Birna og Sigríður kjörin meðstjórnendur til næstu tveggja ára.

Skýrsla stjórnar

Anna flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerðist á liðnu starfsári. Haldnir voru fimm stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 15. mars 2007. Ýmis mál voru tekin til umfjöllunar, aðallega var þó rætt um væntanlega kjarasamninga og undirbúning þeirra.

Fyrir síðasta aðalfund 2007 voru matvæla- og þjónustudeildin sameinaðar. Kosin var níu manna stjórn eftir hlutfalli starfandi fólks í deildunum, sex voru kosnir úr matvælageiranum og þrír úr þjónustunni. „Eftir á að hyggja er spurning hvort við hefðum átt að hafa þessar sameiningar eitthvað öðruvísi vegna þess hve okkar deild er orðin stór og hversu fjölbreytt störf eru í báðum okkar deildum. Það er ekki útilokað að einhverjir hópar hreinlega tynist hjá okkur. En þetta er eitthvað sem við verðum að takast á við og þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnin

Í lðnaðar- og tækjadeild eru þeir sem vinna:

- í byggingaiðnaði
- við vegagerð (þó ekki Vegagerð ríkisins)
- hjá steypustöðvum
- á bifreiðum, vinnuvélum og lyfturum
- í slippvinnu, hafnarvinnu í vöruskemum og hjá flutningafyrirtækjum
- á dekkja-, smur-, ryðvarnar-, bön- og þvottastöðvum
- í úrvinnslu-, fata-, vefjar- og skinnaiðnaði
- í hreinlætisvöruiðnaði
- í plast-, gúmmí-, pappírs-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniíðnaði
- í ofna-, bobbíng-, hillusmiði og skyldum málmsmiðum
- í húsgagnaiðnaði
- við endurvinnslu
- í línu- og netagerð

Í Opinberu deildinni eru þeir sem vinna:

- hjá ríkinu
- hjá sveitarfélögum
- hjá einkastofnunum sem annast aldraða, fatlaða og börn

Í Matvæla- og þjónustudeild eru þeir sem vinna:

- í matvælaíðnaði, svo sem í mjólkuriðnaði, kjötvinnslu og sláturhúsum
- í kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruiðnað
- við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafli, þ.e. í frystingu, söltun og skreiðarverkun, rækju- og skelfiskvinnslu, í fiskeldi, hrogna- og sildarvinnslu, loðnubræðslum og við línubeitingu
- við ræstingar og eldhússtörf hjá almennum atvinnurekendum
- á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum
- í þvottahúsum og efnaugum hjá almennum atvinnurekendum
- hjá ferðaþjónustu bænda og við annað sem fellur undir ferðaþjónustu
- við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn)



Halldór Guðmundsson.

sé sterk og virk og stjórnarmenn séu duglegir að mæta á þá fundi sem boðaðir eru,” sagði Anna.

Samningarnir

Snemma í haust var kosin 50 manna samninganefnd og þann 26. september var haldinn í Sveinbjarnargerði undirbúningsfundur vegna kjarasamninga. Gylfi Arinbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, var gestur fundarins og kynnti hann hugmyndir að breytingum á veikindarétti og skipulagsbreytingar á sjúkra-sjóðum og örorkutryggingum. Þessum hugmyndum var vel tekið og veitti fundurinn samninganefnd SGS fullt umboð vegna þessa máls. „Því miður náðu þessar breytingar ekki fram að ganga en ég vona að áfram verði rætt um þær og að við náum þeim í gegn sem fyrst. Ég tók þátt í gerð kjarasamnings fyrir hönd matvæla- og þjónustusviðs. Mjög mikill tími fer í slíkt, og sem dæmi má nefna að ég var 26 daga í Reykjavík meðan samningalotan stóð yfir. Það er gott að eiga skilningsríka yfirmenn þegar svona stendur á.

17. febrúar var skrifað undir nýjan kjarasamning. Haldnir voru sex kynningarfundir á svæði félagsins og fór ég á þá alla. Félagið stóð fyrir póstkosningu um samninginn, sem lauk 5. mars sl. Úrslit lágu fyrir þann 10. og varð niðurstaðan sú að þeir voru samþykktir, rúmlega 80% þeirra sem kusu sögðu já. Ég er þokkalega sátt með samninginn, en ég hefði viljað að ríkið kæmi inn með öflugari aðgerðir,” sagði Anna.

Margt að gerast

Anna skoðaði aðeins hvað væri nýtt að gerast hjá stærstu fyrirtækinum í deildinni. „MS hefur hafið framleiðslu á smurostum og skapar það fimm ný störf. Einnig er verið að setja upp nýjar mjólkurtöppunarvélar og nýja kæla. Nú á að dreifa vörum héðan á stærra svæði en gert hefur verið hingað til; um allt Norður- og Austurland. Það eru spennandi tímar framundan hjá MS-Akureyri.

Síðasta sumar voru fjórir nýir gerjunartankar teknir í notkun hjá Vífilfelli sem taka samtals 324 þúsund lítra. Í átöppuninni eru tvær átta tíma vaktir en það er í skoðun að bæta þeirra þriðju við. Það veitir sennilega ekki af, svo að fyrirtækið hafi undan að tappa á flöskur áður en bjórþyrstir Íslendingar tæma þær á ný.

Á síðasta ári var rúmlega 500 milljóna króna hagnaður hjá Norðlenska og vonandi heldur fyrirtækið áfram að eflast og dafna svo veita megi starfsfólkinu hluta af ágóðanum.

Kjarnafæði hefur á síðustu fjórum árum



styrkt stöðu sína sem alhliða matvælavinnsla, með kaupum á hlut í fjölmörgum fyrirtækjum. Hjá Kjarnafæði starfa í dag 125 manns, hjá Nonna Litla 12 manns, hjá SAH-afurðum 45 manns, hjá Sláturfélagi Vopnafjarðar 5 manns yfir árið (svo auðvitað fjölga fólki umtalsvert í sláturtíðum eins og gengur og gerist hjá sláturleyfishöfum) og svo hjá Norðanfiski eru 30 manns. Í heild sinni starfa hjá Kjarnafæði og dótturfélögum þess um 220 manns.

Veitingastöðum í bænum fer fjölgandi, sem er hið besta mál, bæði hvað atvinnu varðar og ekki síður fyrir okkur matgæðinga hvað fjölbreytni varðar.”

Mótvægisáðgerðir?

Yfirvöld boðuðu 30% skerðingu á þorskafla síðasta haust sem hefur haft gríðarlega mikil áhrif á landinu. Á Eyjafjarðarsvæðinu einu hafa á annað hundrað manns misst vinnuna vegna þessarar ákvörðunar. Allri rækjuvinnslu var hætt á Siglufirði, einnig var öllum sagt upp á Strýtu ásamt Samherja á Hjalteyri og Kræki á Dalvík. „Það getur vel verið að búið sé að segja upp fólki í smærri vinnslum án þess að við fréttum það. Gera má ráð fyrir að um 1.000 störf glatist í fiskvinnslu í ár ef fram heldur sem horfir. Frá því tilkynnt var um niðurskurð á þorskkvóta og þar til í byrjun febrúar 2008 höfðu 456 einstaklingar á landinu fengið uppsagnarbréf í fiskvinnslu og 102 stóðu frammi fyrir tímabundnum loknum í allt að 5 mánuði.

Niðurskurður á þorskkvóta virðist einnig notaður til ótímabærra uppsagna og án mótvægisáðgerða. Útvegsmenn geta landað afla hvar sem þeim sýnist, jafnvel í útlöndum, án nokkurrar samfélagslegrar ábyrgðar. Hagræðingu og hagkvæmni er borið við. Uppsagnir og óvissa munu hafa atgervisflótta í för með sér. Mótvægisáðgerðirnar hafa hvorki verið fugl né

fiskur fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Það var jú ákveðið að flýta lengingu flugvallarins, en var ekki búið að taka þá ákvörðun áður en tilkynnt var um kvótaskerðinguna? Það hefur ekkert komið frá ríkisstjórninni fyrir fiskverkafólkið, sem er að tapa vinnunni. Okkur finnst það skjóta skökku við að mæla megi mótvægisáðgerðirnar í málbiki og málningu,” sagði Anna.

Anna þakkaði að síðustu öllum þeim sem hún hefur starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-löju. Sérstaklega þakkaði hún Matthildi Sigurjónsdóttur, starfsmanni deildarinnar, fyrir samstarfið á árinu.

Iðnaðar- og tækjadeild

Í byrjun fundar flutti Ingvar Kristjánsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar en að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Þetta var annar aðalfundur deildarinnar eftir að Iðnaðardeild og Tækja-, flutninga- og byggingadeild voru sameinaðar í eina deild, Iðnaðar- og tækjadeild. Engin mótframboð bárust og því var sjálfkjörið í stjórn deildarinnar og er hún óbreytt frá fyrra ári.

Skýrsla stjórnar

Að venju fór formaður deildarinnar yfir það helsta, sem gerðist á liðnu starfsári. Fimm stjórnarfundir voru haldnir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 15. mars 2007. „Ýmis mál hafa verið til umfjöllunar en aðallega var þó rætt um væntanlega kjarasamninga og undirbúning þeirra. Einnig var mikið rætt um málefni bílstjóra. Það er mikil samheldni í stjórn deildarinnar, sem sést til dæmis á góðri mætingu stjórnarmanna. Ég tók þátt í gerð kjarasamnings fyrir hönd iðnaðar- og tækjadeildar félagsins og var það mín fyrsta reynsla af samn-

ingamálum. Mjög mikil tími fer í slíkt, sem dæmi má nefna að ég var rúmlega 10 daga í Reykjavík meðan samningalotan stóð yfir," sagði Ingvar.

Þing og ársfundur

Ingvar fjallaði um þing og ársfund, sem félagið á rétt til að senda á fulltrúa. „Dagana 28. og 29. september var haldið 30. þing Alþýðusambands Norðurlands á Illugastöðum. 41 fulltrúi frá félaginu sat þingið sem markaði ákveðin tímamót því haldið var upp á 60 ára afmæli AN með glæsilegum hátíðarkvöldverði. Á þinginu var aðallega fjallað um kjara- og velferðarmál og fjölmargar ályktanir og áskoranir voru samþykktar, m.a. áskoranir varðandi skattlagningu forvarnastyrkja frá stéttarfélögum

3. til 5. október var fyrsta þing SGS haldið eftir að breytt var frá ársfundum í þing. Þar fengu kjaramál eðlilega mikla umfjöllun og krafan um hækkun lægstu launa var áberandi. Á þinginu var forysta sambandsins, Kristján og Björn, endurkosin með dúndrandi lófaklappi. Þingið einkenndist af mikilli eindrægni og samstöðu og sendi það frá sér skýr skilaboð inn í komandi kjarasamningaviðræður, kröfu um umtalsverða hækkun lægstu launa. Auk þess tók þingið m.a. afdráttarlausa afstöðu með því að kostir og gallar Evrópusambandsaðildar yrðu kannaðir fyrir alvöru. Ýmsar ályktanir voru samþykktar, m.a. ályktun um húsaleigumarkað þar sem skorað var á ríkisstjórnina og sveitarfélög að bregðast við vaxandi erfiðleikum þeirra sem ekki geta eignast eigið húsnaði og verða af þeim sökum að sæta kjörum sem leigjendur á húsnaðismarkaði.

18. og 19. október fór fram ársfundur ASÍ á Hilton-hótelinu í Reykjavík. Þar voru efnahags- og kjaramál ofarlega á dagskrá, rétt eins og á hinum þingunum. Fjallað var um Ísland og nor-



ræna vinnumarkaðsmódelið og einnig Ísland og norræna velferðarsamfélagið. Geirlaug G. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Norðurlands, gerði einnig grein fyrir þróun og starfsemi Starfsendurhæfingar Norðurlands.“

Málefni bílstjóra

„10. janúar sl. höldum við fund um málefni bílstjóra. Á fundinn mættu Kristján L. Möller samgönguráðherra og Róbert Marshal, aðstoðarmaður hans. Fundurinn var mjög góður, mikið rætt um umferðareftirlitið, hvíldartímaákvæði, ökuritakort og endurmenntunarnámskeið. Einnig var rætt um stöðu Vaðlaheiðarganga. Kristján tjáði fundarmönnum að þau þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Mikil undirbúningsvinna hafi nú þegar átt sér stað og að áætlaður kostnaður sé í kringum 6 milljarðar,” sagði Ingvar.

Ingvar vildi að lokum þakka öllum þeim sem hann starfaði með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-löju. Sérstaklega þakkaði hann Þorsteini E. Arnórssyni, starfsmanni deildarinnar, fyrir samstarfið á árinu.

Opinbera deildin

Í byrjun fundar flutti Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, fór yfir komandi kjarasamningaviðræður innan deildarinnar, en samningur við ríkið var laus frá 31. mars sl. Engin mótframboð bárust gegn sitjandi stjórn og því var hún sjálfkjörin óbreytt frá fyrra ári.

Skýrsla stjórnar

Sigríður rifjaði upp það helsta sem gerðist frá síðasta aðalfundi og sagði m.a. að haldnir hefðu verið fjórir stjórnarfundir. Þar hefðu ýmis mál verið til umfjöllunar, svo sem starfsmatið og kjarasamningar við ríki og sveitarfélög sem lausir eru á árinu. „Á fyrsta fundi eftir síðasta aðalfund voru lagðar fram tillögur um fulltrúa í samninganefnd við ríkið. Fjórdi og síðasti fundurinn fór að mestu í undirbúning fyrir aðalfundinn. Einnig var skipað í trúnaðarráð, en alls á Opinbera deildin 32 fulltrúa sem skiptast þannig að frá Akureyri koma 28, 2 frá Dalvík og 2 frá Siglufirði.“

Endurskoðun starfsmats

Mjög margir fundir voru haldnir þar sem farið var yfir endurskoðun á starfsmati í samvinnu við Kjöl og Akureyrarbæ. „Ásamt mér sátu í



nefndinni, fyrir hönd félagsins, Björn Snæbjörnsson og Þorsteinn E. Arnórsson. Frá Kili voru þær Arna Jakobína Björnsdóttir og Kristín Sigurðardóttir en fyrir hönd Akureyrarbæjar sátu þau Gunnar Frímansson og Halla Margrét Tryggvadóttir. Einnig var farið yfir endurskoðað starfsmat fyrir önnur sveitarfélög á okkar félags-svæði," sagði Sigríður. Hún sagði einnig að sum störf fengju verulega breytingu til hins betra og að enn ætti eftir að halda fundi með hinum ýmsu hópum þar sem farið verður yfir þessi mál.

Að vera eða vera ekki opinber starfsmaður?

7. maí gekkst svið starfsmanna ríkis og sveitarfélaga innan SGS fyrir málþingi á hóteli Nordica undir fyrirsögninni **Að vera eða vera ekki opinber starfsmaður?** Frá deildinni fóru fimm fulltrúar. „Auk mín voru það Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Lovísa Guðjónsdóttir, Geir Guðmundsson og Björn Snæbjörnsson. Þarna kom ýmislegt fróðlegt fram, t.d. voru bornir saman kjarasamningar SGS og SFR við ríkið og fjallað var um samanburð á lífeyrisréttindum SGS félaga og opinberra starfsmanna. Júlíus K. Björnsson sálfræðingur sagði frá rannsókn, sem gerð var á áhrifum vaktavinnu á líf og heilsu fólks. Þar kom m.a. fram að það eru á milli 15 til 20% landsmanna sem vinna vaktavinnu og einnig að vaktavinnufólk sofi 7 tímum skemur á viku en aðrir. Jafnframt sagði Júlíus að líkamsklukkan segi að okkur sé eiginlegt að sofa á nóttunni og að fólk sem orðið er eldra en 45 ára ætti að forðast næturvaktir," sagði Sigríður.

Fundur vegna samninga

14. janúar sl. var haldinn fundur með trúnaðarmönnum vegna samninga við ríkið. Þar koma fram að allir væru sammála um að aðalkrafa væri hærri laun og að áfram verði



gerðir stofnanasamningar, 80% vaktavinna verði metin sem 100% starf, 7. þrep komi til viðbótar og verði miðað við 40 ár og að slysa-trygging verði eins og í sveitarfélagasamningunum. Á fundinum var einnig samþykkt að eftirtaldir yrðu í viðræðunefnd SGS við ríkið: Björn Snæbjörnsson, Geir Guðmundsson, Lovísa Guðjónsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir.

Sigríður sagði einnig frá fundi, sem haldinn var 4. mars sl. með skólafulltrúa Akureyrarbæjar og trúnaðarmönnum á leikskólum bæjarins. Þar kynnti Skólafulltrúi hugmynd að nýrri starfslysingu.

„Time-care“

Sigríður sagði frá vaktakerfi sem verið var að taka í notkun á Hlíð og nefnist „Time-care“, en Akureyrarbær mun sennilega taka kerfið upp í öðrum einingum innan bæjarins. „Fjórir gangar hafa verið með kerfið í gangi í einn mánuð. Starfsfólkið skráir sjálft inn óskir um vaktir eða vinnuplan og svo sér tölva um að reikna það út. Starfsfólkið á að fá 80% af óskum sínum en

þar sem það verður alltaf að vera rétt mönnun á hverri vakt er hægt að breyta og færa til vaktir þegar tölvan er búin að skrá planið. Sá sem færir til vakt mun fá punkt í hvert sinn og því mun sá sami sitja fyrir næst þegar þarf að gera lagfæringar. Ekki er komin almennileg reynsla á þetta en að sögn starfsmanns á Hlíð eru ýmsir kostir við kerfið. Til dæmis er hægt að skrá sig í frí á sérstökum dögum, svokölluðum *Nei degi*, og þá er viðkomandi alls ekki settur á vakt þann daginn. Sá hinn sami sagði að kerfið lofaði góðu en auðvitað þurfi það að vera í gangi í nokkra mánuði til að sjá hvernig það virki í raun.“

Að lokum þakkaði Sigríður öllum þeim sem hún starfaði með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkyrningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-löju. Sérstaklega þakkaði hún Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar, fyrir samstarfið á árinu.

Vinningshafar af aðalfundum deilda

Á aðalfundum deilda félagsins var efnt til happdrætta. Einn vinningur var í boði í hverri deild; helgardvöl á Illugastöðum að vetri til. Nöfn allra sem mættu á fundi deildanna voru sett í kassa og svo var nafn heppins Einingar-löjufélaga dregið út í hverri deild fyrir sig.

Þau sem hlutu vinninga eru:

Eypór Karlsson úr lðnaðar- og tækjadeildinni.

Hrefna Þorbergsdóttir úr Matvæla- og þjónustudeildinni.

Ásdís Halldóra Hreinsdóttir úr Opinberu deildinni.



Vinningshafar, f.v.: Hrefna Þorbergsdóttir, Eypór Karlsson og Ásdís Halldóra.

Do członków związku Eining-löja

22 kwietnia 2008 r. w Hotelu KEA odbyło się IX Ogólne Spotkanie Eining-löja. Na zebranie przybyło wielu członków, jak wspominał w swoim raporcie przewodniczący związku Björn Snæbjörnsson, ludzie wydają się od jakiegoś już czasu bardziej troszczyć o swoje prawa. „Obciążenie biura Eining-löja było w ubiegłym roku znaczne, choć zdawało się to również w latach ubiegłych. W ostatnim roku znacznie wzrosła, jednak, liczba ogólnych usług względem członków, co przełożyło się na większe zainteresowanie własnymi prawami, niż miało to miejsce wcześniej”, powiedział Björn.



1% opłaty członkowskiej

Na spotkaniu ustalono obniżkę opłaty członkowskiej, która to od 1 czerwca 2008 r. będzie wynosić 1% wynagrodzenia. Björn powiedział, że w roku 2000 podjęty został wysiłek wzmocnienia funduszu strajkowego. „Obecnie fundusz ten jest raczej stabilny, nawet jeśli nie wystarczyłby na dłuższy okres w przypadku strajku generalnego. Komitet wykonawczy omawiał tą sprawę i doszedł do wniosku, że nadszedł dobry czas na obniżenie opłaty członkowskiej, ponownie do poziomu 1%, jak to już bywało wcześniej. Duże związki zawodowe w Reykjavíku poszły dalej i obniżyły opłaty do poziomu 0,7%, ale komitet wykonawczy, w obecnej sytuacji zarządzania związkiem, nie chciał pójść tym przykładem. Wspominając sytuację zarządzania związkiem, chcę się odnieść do biur w Dalvíku i Siglufjörður i współpracy ze Związkiem Rybaków w Ólafsfjörður. Przy postępie zjednoczenia będzie to jednakże realna możliwością”

Większy obszar wpływu związku

„Wzrósł obszar wpływu związku. Jak już wszyscy wiedzą, od 1 stycznia 2008 r. związek Vaka w Siglufjörður zjednoczył się z Eining-löja w Akureyri. Oznacza to 360 nowych członków dla Eining-löja z ogólnego oddziału Vaka. Chciałbym ich gorąco powitać. Mam nadzieję, że nasi nowi członkowie będą się z nami czuć dobrze”, powiedział Björn. Przewodniczący wspominał także o zakupie nowej przestrzeni na biuro w Siglufjörður. „Teraz będzie nowe biuro operacyjne w Siglufjörður, za które Eining-löja będzie odpowiedzialne. Dostęp do starego biura nie był przystosowany dla osób niepełnosprawnych i osób starszych, dlatego właśnie kupiliśmy nową przestrzeń na parterze, jesienią zakończą się tam prace remontowe”.

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-löja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.

- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca .

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12-dniowy okres wypowiedzenia,licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy –

obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia,liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuja 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Prawo do korzystania z urlopu letniego

